**Fjölmennt, símenntunar - og þekkingarmiðstöð**

# Ársreikningur

# 2019

Fjölmennt, símenntunar - og þekkingarmiðstöð ses.
Vínlandsleið 14
113 Reykjavík
kt. 671010-1670

## Fjölmennt, símenntunar - og þekkingarmiðstöð

# Ársreikningur

# 2019

**Efnisyfirlit**


| | |
|---|---|
| Áritun óháðs endurskoðanda | 2 |
| Skýrsla stjórnar | 4 |
| Rekstrarreikningur | 5 |
| Efnahagsreikningur | 6 |
| Yfirlit um sjóðstreymi | 7 |
| Skýringar | 8-12 |

# Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Fjölmenntar

**Álit**
Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Fjölmenntar, símenntunar - og þekkingarmiðstöðar ses fyrir árið 2019. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2019, efnahag þess 31. desember 2019 og breytingu á handbæru fé á árinu 2019, í samræmi við lög um ársreikninga.

**Grundvöllur fyrir áliti**
Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér fyrir neðan. Við erum óháð Fjölmennt í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

**Ábyrgð stjórnar og forstöðumanns á ársreikningnum**
Stjórn og forstöðumaður eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og forstöðumaður eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og forstöðumaður ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Fjölmenntar. Ef við á, skulu stjórn og forstöðumaður setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og forstöðumaður hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

**Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins**
Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.
Nægjanleg vissa er þó ekki trygging þess að endurskoðun sé framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við faglegri tortryggni í gegnum endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

## Áritun óháðs endurskoðanda

• Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.

• Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.

• Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.

• Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.

• Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar við ársreikninginn með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirlit sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Kópavogur, 4. maí 2020

**Deloitte ehf.**

Hilmar A. Alfreðsson
endurskoðandi

# Skýrsla stjórnar

Ársreikningur Fjölmenntar, símenntunar - og þekkingarmiðstöðar ses. fyrir árið 2019 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga.

Starfsemi Fjölmenntar, símenntunar - og þekkingarmiðstöð ses. miðar að því að auka lífsgæði og lífsleikni fatlaðara einstaklinga 20 ára og eldri. Fjölmennt býður upp á fjölþætta menntun og ráðgjöf til einstaklinga sem ekki eiga kost á sambærilegri þjónstu á öðrum vettvangi.

Hagnaður Fjölmenntar nam kr. 3.149.410. Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir félagsins kr. 42.134.868, bókfært eigið fé í árslok er kr. 28.932.584 og er eiginfjárhlutfall félagsins 69%.

Fjárhagsstaða ársins 2019 var góð miðað við árin á undan. Skýringar á því eru að í lok árs 2018 fengust endurgreiddar greiðslur sem ofgreiddar höfðu verið í lífeyrissjóð LSR. Einnig fékk Fjölmennt hærri upphæð á fjárlögum en ráð var gert fyrir. Þegar þessar upplýsingar lágu fyrir var búið að skipuleggja starfið á vorönn en aukið við starfsemina á haustönn. Ráðnir voru tveir kennarar í eina og hálfa kennarastöðu og verktakakennsla aukin. Farið var af stað með *Listabraut* en námsbrautir hafa ekki verið haldnar undanfarin ár. Einnig var samið við *símenntunarstöðina Framvegis* um að halda námsbrautina *Skref til sjálfshjálpar.*

Samkvæmt ársreikningi eru 3.149.410 krónur í rekstrarafgang. Alltaf er stefnt að því að nota það fé sem stofnunin hefur til umráða í námstilboð fyrir nemendahóp Fjölmenntar. Ástæða þess að upphaflegri áætlun var ekki fylgt er að um mitt ár komu þær upplýsingar frá menntamálaráðuneytinu að framlag til Fjölmenntar yrði lækkað um rúmar 15 milljónir árið 2020. Það var því ljóst að verulegur samdráttur væri framundan. Til að milda höggið og geta staðið við skuldbindingar gagnvart þeim kennurum sem ráðnir höfðu verið til 31. júlí 2020 var ákveðið að færa upphæð sem nemur launum þeirra yfir á árið 2020. Einnig voru teknir frá fjármunir til þess að hægt væri að halda *Listabrautina* á vorönn 2020 eins og lagt var upp með. Vegna óviðráðanlegra orsaka var ekki hægt að kenna brautina *Skref til sjálfshjálpar* fyrr en á vorönn 2020 og þar sem búið var að gera samning við *Framvegis* var sú upphæð færð á milli ára. Til viðbótar eru 2,2 milljónir færðar milli ára vegna Erasmus verkefnis sem Fjölmennt tekur þátt í. Á árinu 2019 kom fyrirframgreiðsla sem ekki er búið að ráðstafa og er því færð yfir áramót. Samtals eru 14,8 milljónir króna færðar yfir á árið 2020.

Það er álit stjórnar og forstöðumanns Fjölmenntar að í ársreikningi þessum komi fram allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu. Stjórn og forstöðumaður Fjölmenntar staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2019 með undirritun sinni.

Reykjavík, 4. maí 2020

**Stjórn**

**Stjórnarformaður**

**Forstöðumaður**

# Rekstrarreikningur ársins 2019

| | Skýr. | 2019 | 2018 |
|---|---|---|---|
| Námskeiðsgjöld | | 17.261.398 | 16.677.450 |
| Greiðslur úr ríkissjóði | | 267.700.000 | 264.700.000 |
| Aðrar tekjur | | 10.845.546 | 9.530.213 |
| | | 295.806.944 | 290.907.663 |
| Laun og launatengd gjöld | 3 | 174.355.464 | 171.679.887 |
| Húsnæðiskostnaður | 14. | 26.846.026 | 26.275.432 |
| Kostnaður vegna kennslu | 15. | 78.163.658 | 75.936.604 |
| Annar rekstrarkostnaður | 16. | 13.492.869 | 8.135.955 |
| Afskriftir fastafjármuna | 6 | 576.502 | 782.988 |
| | | 293.434.519 | 282.810.866 |
| **Rekstrarafgangur fyrir fjármagnsliði** | | 2.372.425 | 8.096.797 |
| Fjármunatekjur | 4 | 994.064 | 1.057.313 |
| Fjármagnsgjöld | 5 | (217.079) | (192.136) |
| **Hagnaður ársins** | | 3.149.410 | 8.961.974 |

# Efnahagsreikningur 31. desember 2019

| Eignir | Skýr. | 31.12.2019 | 31.12.2018 |
|---|---|---|---|
| **Fastafjármunir** | | | |
| Skrifstofuáhöld og kennslubúnaður | 6 | 2.106.212 | 2.291.303 |
| Innréttingar, húsbúnaður og tæki | 6 | 1.901.186 | 2.292.597 |
| | | 4.007.398 | 4.583.900 |
| **Veltufjármunir** | | | |
| Viðskiptakröfur | 7 | 737.606 | 580.288 |
| Aðrar skammtímakröfur | 7 | 773.300 | 5.400.000 |
| Bankainnistæður | | 36.616.564 | 27.637.937 |
| | | 38.127.470 | 33.618.225 |
| **Eignir** | | 42.134.868 | 38.202.125 |

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Eigið fé og skuldir** | 8 | | |
| Stofnfé | | 1.000.000 | 1.000.000 |
| Óráðstafað eigið fé | | 27.932.584 | 24.783.174 |
| **Eigið fé** | | 28.932.584 | 25.783.174 |
| **Skammtímaskuldir** | | | |
| Lánadrottnar | | 4.148.428 | 5.854.772 |
| Aðrar skammtímaskuldir | 9 | 9.053.856 | 6.564.179 |
| **Skuldir** | | 13.202.284 | 12.418.951 |
| **Eigið fé og skuldir** | | 42.134.868 | 38.202.125 |

# Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2019

| | Skýr. | 2019 | 2018 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| Rekstrarhagnaður | | 2.372.425 | 8.096.797 |
| Afskriftir | 6 | 576.502 | 782.988 |
| **Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta** | | 2.948.927 | 8.879.785 |
| Rekstrartengdar eignir, lækkun, (hækkun) | | 4.469.382 | (5.552.257) |
| Rekstrartengdar skuldir, hækkun | | 783.333 | 3.293.660 |
| **Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta** | | 8.201.642 | 6.621.188 |
| Innborgaðir vextir | 4 | 994.064 | 1.057.313 |
| Greiddur fjármagnstekjuskattur | 5 | (217.079) | (192.136) |
| **Handbært fé frá rekstri** | | 8.978.627 | 7.486.365 |
| | | | |
| Hækkun handbærs fjár | | 8.978.627 | 7.486.365 |
| Handbært fé í upphafi árs | | 27.637.937 | 20.151.572 |
| Handbært fé í lok árs | | 36.616.564 | 27.637.937 |

# Skýringar

## 1. Starfsemi

Starfsemi Fjölmenntar, símenntunar - og þekkingarmiðstöð ses. miðar að því að auka lífsgæði og lífsleikni fatlaðara einstaklinga 20 ára og eldri. Fjölmennt býður upp á fjölþætta menntun og ráðgjöf til einstaklinga sem ekki eiga kost á sambærilegri þjónstu á öðrum vettvangi.

## 2. Reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Fjölmenntar, símenntunar - og þekkingarmiðstöðvar ses. fyrir árið 2019 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum félagsins.

### Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

### Skráning tekna

Námskeiðstekjur eru skráðar og innheimtar þegar skráningu nemenda er lokið og námskeið eru hafin. Aðrar tekjur eru færðar þegar þjónustan hefur verið innt af hendi.

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaprósentu.

### Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í nothæft ástand.

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af kostnaðarverði miðað við eignarhaldstíma á árinu að teknu tilliti til væntanlegs hrakvirðis.

Hagnaður eða tap vegna sölu eigna er mismunur söluverðs og bókfærðs verðs eigna á söludegi.

### Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni.

### Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði.

## 3. Laun og launatengd gjöld

| | 2019 | 2018 |
|---|---|---|
| Laun | 138.409.686 | 136.108.941 |
| Bifreiðastyrkir | 1.024.760 | 979.224 |
| Dagpeningar | 0 | 198.888 |
| Lífeyrissjóður | 18.889.279 | 17.407.860 |
| Tryggingargjald | 10.339.028 | 11.208.302 |
| Stéttarfélagsgjöld | 3.793.103 | 4.069.184 |
| Annar starfsmannakostnaður | 1.899.608 | 1.707.488 |
| | 174.355.464 | 171.679.887 |
| Stöðugildi að meðaltali | 18,0 | 17,2 |

Heildarlaun og þóknanir til stjórnenda félagsins á árinu 2018 voru 17,3 milljónir króna en námu 17,5 milljónir króna á árinu 2019.

## 4. Fjármunatekjur

| | 2019 | 2018 |
|---|---|---|
| Vaxtatekjur | 986.874 | 873.578 |
| Gengishagnaður | 7.190 | 183.735 |
| | 994.064 | 1.057.313 |

## 5. Fjármagnsgjöld

| | 2019 | 2018 |
|---|---|---|
| Fjármagnstekjuskattur | (217.079) | (192.136) |
| | (217.079) | (192.136) |

## 6. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

| | Skrifstofu- áhöld | Innréttingar og húsbún. | Samtals |
|---|---|---|---|
| **Kostnaðarverð** | | | |
| Staða í ársbyrjun | 19.788.795 | 14.066.875 | 33.855.670 |
| Staða í árslok | 19.788.795 | 14.066.875 | 33.855.670 |
| **Afskriftir** | | | |
| Staða í ársbyrjun | 17.497.492 | 11.774.278 | 29.271.770 |
| Afskrift ársins | 185.091 | 391.411 | 576.502 |
| Staða í árslok | 17.682.583 | 12.165.689 | 29.848.272 |
| **Bókfært verð** | | | |
| Bókfært verð í ársbyrjun | 2.291.303 | 2.292.597 | 4.583.900 |
| Bókfært verð í árslok | 2.106.212 | 1.901.186 | 4.007.398 |
| Afskriftarhlutföll | 20-33% | 20% | |

Vátryggingamat eigna félagsins í árslok greinist þannig:

| | Vátrygginga-mat |
|---|---|
| Skrifstofuáhöld | 19.217.938 |
| Innréttingar og húsbúnaður | 21.699.600 |
| Aðrar lausafjártryggingar | 0 |
| Rekstrarstöðvunartrygging | 0 |

## 7. Aðrar peningalegar eignir

**Viðskiptakröfur**

| | 31.12.2019 | 31.12.2018 |
|---|---|---|
| Viðskiptakröfur | 737.606 | 580.288 |
| | 737.606 | 580.288 |

**Aðrar skammtímakröfur**

| | 31.12.2019 | 31.12.2018 |
|---|---|---|
| Inneign hjá ríkissjóði | 0 | 5.400.000 |
| Aðrar skammtímakröfur | 773.300 | 0 |
| | 773.300 | 5.400.000 |

## 8. Eigið fé

| | Stofnfé | Óráðstafað eigið fé | Eigið fé Samtals |
|---|---|---|---|
| Eigið fé 1.1.2019 | 1.000.000 | 24.783.174 | 25.783.174 |
| Afkoma ársins | | 3.149.410 | 3.149.410 |
| Eigið fé 31.12.2019 | 1.000.000 | 27.932.584 | 28.932.584 |

## 9. Aðrar skammtímaskuldir

| | 31.12.2019 | 31.12.2018 |
|---|---|---|
| Fyrirframinnheimtar tekjur | 2.204.569 | 0 |
| Ógreidd launatengd gjöld | 6.740.784 | 6.534.179 |
| Aðrar skammtímaskuldir | 54.000 | 30.000 |
| | 9.053.856 | 6.564.179 |

## 10. Leiguskuldbinding

Þann 1. janúar 2019 tók nýr alþjóðlegur reikningsskilastaðall IFRS 16 Leigusamningar gildi. Staðallinn gerir kröfu um að færð verði leiguskuldbinding og nýtingaréttur til eignar vegna allra leigusamninga, með fáum undantekningum. Ákveðið hefur verið að Reikningsskilaráð muni semja reikningsskilareglu um meðferð leigusamninga, og hefur ráðið þegar ákveðið að í reglunni verði að finna ákvæði þess efnis að öllum félögum sem gera reikningsskil sín í samræmi við lög um ársreikninga verði heimilt að beita sömu (þ.e. óbreyttum) reikningsskilaaðferðum við færslu og flokkun leigusamninga vegna áranna 2019 og 2020 og þau beittu á árinu 2018.
Stjórnendur félagsins hafa kosið að nýta sér þá heimild í þessum reikningsskilum.
Innihald reglu Reikningsskilaráðs um leigusamninga er óljóst við samþykkt þessa ársreiknings. Verði niðurstaðan sú að félaginu verði skylt að færa rekstrarleigusamninga í efnahagsreikning munu áhrif þess verða veruleg á reikningsskil félagsins að mati stjórnenda þess.

Félagið hefur gert leigusamning við Vínlandsleið ehf.. Leigugreiðslur leigusamnings eru verðtryggðar með vísitölu neysluverðs. Gildistími leigusamningsins er til 30. september 2025. Leiga tímabilið 1. janúar til 31. desember 2019 nam 21,8 milljónum króna.

## 11. Atburðir eftir lok reikningsskiladags

Mjög óvenjulegar aðstæður hafa nú skapast vegna Kórónuveirunnar Covid-19. Veruleg óvissa er um hvaða áhrif þessi staða mun hafa á félagið. Það er þó mat stjórnenda félagsins að ekki sé vafi á rekstrarhæfi vegna þessa.

## 12. Samþykki ársreiknings

Ársreikningurinn var samþykktur á stjórnarfundi þann 4. maí 2020

# Sundurliðanir

## 13. Laun og launatengd gjöld

| | 2019 | 2018 |
|---|---|---|
| Vinnulaun | 138.409.686 | 136.108.941 |
| Bifreiðastyrkir | 1.024.760 | 979.224 |
| Dagpeningar | 0 | 198.888 |
| Tryggingagjald | 10.339.028 | 11.208.302 |
| Lífeyrissjóður | 18.889.279 | 17.407.860 |
| Stéttarfélagsgjöld | 3.793.103 | 4.069.184 |
| Annar starfsmannakostnaður | 1.899.608 | 1.707.488 |
| | 174.355.464 | 171.679.887 |

## 14. Húsnæðiskostnaður

| | 2019 | 2018 |
|---|---|---|
| Húsaleiga | 21.755.854 | 21.079.212 |
| Rafmagn og hiti | 1.352.062 | 1.386.231 |
| Viðhald húsnæðis | 271.882 | 706.120 |
| Öryggisþjónusta | 178.146 | 238.096 |
| Ræsting og hreinlætisvörur | 2.248.693 | 2.141.397 |
| Vátryggingar | 447.382 | 432.686 |
| Hússjóður og rekstur sameignar | 592.007 | 291.690 |
| | 26.846.026 | 26.275.432 |

## 15. Kostnaður vegna kennslu

| | 2019 | 2018 |
|---|---|---|
| Kennslugögn | 5.539.861 | 4.209.701 |
| Samningar við menntastofnanir | 51.647.949 | 56.506.153 |
| Annar kostnaður vegna kennslu | 20.975.848 | 15.220.750 |
| | 78.163.658 | 75.936.604 |

## 16. Annar rekstrarkostnaður

| | 2019 | 2018 |
|---|---|---|
| Rekstur upplýsingakerfis | 3.805.450 | 2.141.088 |
| Sími | 548.439 | 673.479 |
| Burðargjöld | 450.410 | 579.506 |
| Pappír, prentun og ritföng | 183.515 | 118.243 |
| Bækur, blöð og áskrift | 9.900 | 9.900 |
| Önnur aðkeypt þjónusta | 1.635.185 | 1.768.979 |
| Gjafir og styrkir | 12.078 | 1.197 |
| Gjaldfærð áhöld, tæki og búnaður | 5.549.094 | 2.061.064 |
| Viðhald áhalda og tækja | 707.100 | 353.756 |
| Ferðakostnaður | 95.163 | 112.937 |
| Fundir og ráðstefnur | 249.666 | 102.107 |
| Annar kostnaður | 65.000 | 50.000 |
| Þjónustugjöld banka | 181.869 | 163.699 |
| | 13.492.869 | 8.135.955 |